

# Húseigandafélag Höfðagrundar á Akranesi

Bæjarráð Akranesbæjar

Höfðagrund 30. apríl 2015

Á liðnum vetri gerði ítrekað mikið brim og komu sjógusur á íbúðarhúsið að Höfðagrund 14c auk þess sem sjávarlöður barst yfir öll húsin nr. 14.



Myndir teknar 2012



Skarð kom í varnargarðinn við göngustíginn við Leynisvoginn út á Höfða 2012. Sjórinn gusaðist upp þetta skarð og skall á húsinu að Höfðagrund 14c. Gert var við þetta skarð 2012 með möl og sandsteinshnullungum ásamt nokkrum seteinum úr varanlegu efni. Nú er staðan sú að brymið er nánast búið að hreinsa burt þessa viðgerð og sjór bylur á húsinu í mesta bryminu



Núverandi ástand 2015



Það verður að teljast óásættanlegt að hús sem byggð eru á löglegum lóðum liggi undir ágjöf. Það hlýtur að vera réttmæt krafa að bærinn láti laga grjótvörnina svo brimið brotni þar á en skelli ekki á húsunum. Nóg er að löðrið berist yfir húsin.

Enn er ekki komið hættulegt skarð inn í göngustíginn, sem skapar hættu á að börn, sem oft hjóla þennan stíg, falli í skarðið.

Ég vil benda á að nota betra efni en síðast því allir vita að sandsteinn og möl er ekki gott efni við þessar aðstæður.

Það má telja öruggt að verði ekkert gert taki brimið næsta vetur í burtu göngustíginn og valdi meiri skemmdum á grjótvörninni. Þá verður mun dýrara að gera við skemmdirnar.

Með vissu um skjót viðbrögð.

Júlíus Már Þórarinsson
Formaður húseigendafélags Höfðagrundar

AKRANESKAUPSTAÐUR
Skj.nr. 26.2 | Mótt. GSÓ | Móttdags. - 5 MAI 2015
Áb.m. RÁ | Úrv.aðili SPH | Afrit RÁ/SPH
Símtal | Tölvup. | Fax SAS/HS
Svarfr. | Trúnmál | Fskj.
Málsnr. One 1505016